

RÖKKURDAGAR 2009

Rökkurdagar eru menningarhátið Grundfirðinga. Þeir eru haldnir ár hvert að hausti þegar rökkva tekur og vetur konungur undirbýr komu sína. Grundfirðingar nota þetta tækifæri til að setja upp hátið. Alla jafna er dagskrá Rökkurdaga fjölbreytt, skemmtileg og samanstendur af listviðburðum ýmiss konar. Hér í Grundarfirði tökum við myrkrinu fagnandi enda ekkert annað að gera, það kemur hvort eð er :-)


Rökkurdagar eru nú haldnir í 6. sinn og er óhætt að segja að þeir hafi fest sig í sessi sem árviss viðburður. Með hverju ári hefur vegur Rökkurdaga vaxið og sést það vel á þeirri glæsilegu dagskrá sem boðið er upp á nú í ár. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á Rökkurdögum 2009. Margt áhugavert er á boðstólum og má þar telja tónlistaratriði, kynningu á félagsstarfi Grundfirðinga, klassíska kvikmyndaveislu, listsýningar, Vinjettuhátið, Bæringsdag og endurkomu Leikklúbbsins og er þá ekki allt upp talið.

Flest atriði Rökkurdaga eru á vegum heimamanna en einnig fáum við góða gesti. Diddú, Kalla Örvars og Ármann Reynisson.



Ævintýri og sögur

Nemendur yngsta stígs grunnskóla Grundarfjarðar verða með sýningu í húsnæði Kaupþings. Börnin hafa unnið með sögur og ævintýri og er sýningin afrakstur þeirrar vinnu.



Myndlistarsýning

Jenný Kristín Kolsöe er alþýðulistakona og verður með sýningu í Samkaupum. Verk hennar, sem eru akrýlmyndir málaðar á tré, verða sett hér og þar um búðina þar sem allir geta barið þær augum um leið og verslað er inn til heimilisins. Hægt er svo að stinga einni og einni mynd í körfuna, því þetta er sölusýning og er verði myndanna stillt í hof.

LJÓSMYNDASÝNING

Tómas Freyr Kristjánsson mun verða með ljósmyndasýningu á Kaffi 59. Tómas er innfæddur Grundfirðingur og hefur vakið athygli fyrir skemmtilegar landslagsmyndir af Vesturlandi og víðar. Myndirnar eru til sölu fyrir sanngjamt verð.





HUMPHREY BOGART · BERGMAN · HENREID
Presented by **WARNER BROS.**
Casablanca
A HAL B. WALLIS PRODUCTION
Directed by MICHAEL CURTIZ

Klassík

Sannkölluð kvikmyndaveisla verður á döfinni enda fátt betra en að gleyma sér yfir góðri bíómynd þegar dimmt er orðið. Sýndir verða nokkrir gullmolar kvikmyndasögunnar. Sýningarnar verða flest kvöld Rökkurdaga, með einhverjum undantekningum þó. Myndirnar verða sýndar í Sögumiðstöðinni og hefjast allar sýningar kl. 21:00. Bíósjoppa á staðnum. Miðaverð 500 kr.

FIMMTUDAGUR

22

Rökkurdagar 2009

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson bæjarstjóri setur
menningarhátíðina Rökkurdaga 2009 í
Sögumiðstöðinni.

Klukkan
20.30

GAMLAR SLEGGJUR OG NÝJAR




Leikklúbbur Grundarfjarðar endurvakinn. Félagar úr Leikklúbbi Grundarfjarðar rifja upp gamla góða daga í máli og myndum. Leikklúbburinn starfaði í nokkur ár á 9. áratugnum og setti þá á fjalirnar metnaðarfull leikverk. Nú er komin upp sú hugmynd að endurvekja starfsemina og ungt fólk taki við. Missið ekki af gömlu kanónunum af leiksviðinu segja allan sannleikann.

FÖSTUDAGUR

23

Lawrence of Arabia

Stórmynd frá árinu 1962 sem skartar stórleikurum á borð við Peter O'Toole, Alec Guinness, Anthony Quinn og Omar Sharif. Myndin byggir á sögu Thomas Edward Lawrence. Lawrence var stórmerkilegur maður og hefur verið kallaður hetja, sadisti og allt þar á milli. Frægðarsól Lawrence reis í eyðimerkum Arabíu á tímum fyrri heimsstyrjaldar, þar sem hann þjónaði í njósnaðeild breska hersins. Hann fær það verkefni að fylgjast með framgangi uppreisnar Araba gegn Tyrkjum. Myndin hlaut 7 Óskarsverðlaun af 10 tilnefningum.
Einkunnagjöf imdb.com: 8,6



Kaffi 59

Klukkan
23.00

Miðaverð
1.500 kr.



Dansleikur með hljómsveitinni Money. Þessi splunkunýja hljómsveit er skipuð þungavigtarmönnum úr íslensku tónlistarlífi. Þeir munu gera allt vitlaust með þekktum slögurum frá Bítlaárunum og þar um kring. Nú gildir að mæta í dansgallanum.

LAUGARDAGUR

24

Þorpið mitt

Klukkan
13-16

Kaffi
Emil

Opið hús í Bæringsstofu þar sem myndir rulla á tjaldi og tækifæri gefst til að spjalla um gamla tíma. Meðal annars má sjá myndir sem ekki hafa birst á tjaldinu í Bæringsstofu áður.
Kaffi Emil opið með ljúfum veitingum.

LAUGARDAGUR

24

Vinjettuhátíð í safnaðarheimilinu

Hátíð í anda gömlu sagnaskemmtananna sem fram fóru í baðstofum landsmanna í 1000 ár en lögðust af á 20.öld. Ármann Reynisson vinjettuhöfundur les upp ásamt Önnu Bergsdóttur, sr. Aðalsteini Þorvaldssyni, Björgu Ágústsdóttur, Þorsteini Friðfinnssyni, Njáli Gunnarssyni og tveimur nemendum úr Grunnskólanum í Grundarfirði, þeim Svanhildi Valdimarsdóttur og Þorgrími Magna Sveinssyni. Þeir félagar Sölvi Óskarsson og Njáll Gunnarsson leika saman á gítara. Í miðri dagskrá verður gert hlé og boðið uppá veitingar. Aðgangur er ókeypis.

Klukkan
16.00

Klukkan
22.00
Kaffi 59
Miðaverð
1.000 kr.
Kalli Örvars

Hinn annálaði söngvari og skemmtikraftur, Karl Örvarsson, treður upp með grín og glens í farteskinu.

SUNNUDAGUR

25

Klukkan
13—16

Félagsstarf í Grundarfirði
 Kynningardagur í samkomuhúsi
 Grundarfjarðar.

Á staðnum verða:

Kvenfélagið Gleym-mér-ei
Lúðrasveit Tónlistarskólans
Björgunarveitin Klakkur
Lionsklúbbur Grundarfjarðar
Ferðafélag Snæfellsness
Ungmennafélag Grundarfjarðar
Skógræktarfélag Eyrarsveitar
Skotfélagið Skotgrund
Skátarnir
Kirkjukórinn
Slysavarnadeildin Snæbjörg
 Kvenfélagið selur veitingar til styrktar
 Lúðrasveitar Tónlistarskólans

Þá riðu hetjur um héruð
Klukkan
16.00
SÖGUMIÐSTÖÐIN


Málþing um Eyrbyggjasögu
Eyrbyggjasaga er eitt af
öndvegisritum Íslendingasagnanna.
Hver er bakgrunnur sögunnar?
Getum við gert eitthvað með þennan
sagnaarf?

EL DORADO

Alvöru vestri frá árinu 1966 með töffarana John Wayne, Robert Mitchum og James Caan í aðalhlutverkum.
 Einkunnagjöf imdb.com:
 7,6

MÁNUDAGUR

26



BONNIE AND CLYDE

Stórmynd byggð á sannsögulegum atburðum. Aðalhlutverk leika Warren Beatty, Faye Dunaway og Gene Hackman. Mögnuð saga Clyde Barrow og Bonnie Parker. Sagan gerist á kreppuárunum í Bandaríkjunum. Fékk tíu tilnefningar til Óskarsverðlauna og hreppi tvö. Einkunnagjöf imdb.com: 8,1

ÞRIÐJUDAGUR

27




KRÁARVISKA

Kráarviska er spurningakeppni sem haldin er til styrktar meistaraflokks Grundarfjarðar í knattspymu. Lið eru skráð til keppni á staðnum og 1-4 geta verið í liði, en 500 kr. kostar á einstakling. Spurningarnar verða sóttar í veröld kvikmyndanna.



MIÐVIKUDAGUR

28



THE BRIDGE ON THE RIVER KWAI

Áhrifamikil mynd frá árinu 1957. Með aðalhlutverk fara William Holden og Alec Guinness. Myndin gerist í síðari heimsstyrjöldinni. Ein magnaðasta stríðsmynd allra tíma. Hlaut 7 Óskarsverðlaun af 8 tilnefningum. Einkunnagjöf imdb.com: 8,5

FIMMTUDAGUR

29

Tónleikar í Grundarfjarðarkirkju

Kántor Zsolt organisti Grundarfjarðarkirkju ásamt kór Fjölbautaskóla Snæfellinga, undir stjórn Unnar Sigmarsdóttur, halda tónleika í Grundarfjarðarkirkju ásamt góðum gestum. Galdraðir verða fram ljúfir tónar og söngur. Ekki missa af þessu. Enginn aðgangseyrir.



FÖSTUDAGUR

30

Opinn dagur í leikskólanum
kl. 9.00—11.30 og 13—16.00

THE GUNS OF NAVARONE

Myndin er frá árinu 1961 og er byggð á metsölubók Alistair MacLean. Aðalhlutverk leika Gregory Peck, David Niven og Anthony Quinn. Myndin gerist í síðari heimsstyrjöldinni. Tvær gríðaröflugar þýskar fallbyssur ráða hafinu í kringum grísku eyjuna Navarone. Tilnefnd til 7 Óskarsverðlauna. Einkunnagjöf imdb.com: 7,6.



Diddú í Grundarfjarðarkirkju

Klukkan
20.00

Sigrún Hjálmtýsdóttir
Diddú

syngur í Grundarfjarðarkirkju
við undirleik Önnu Guðnyjar
Guðmundsdóttur.

Tækifæri til að upplifa tónlist á
heimsmælikvarða.

Tónleikarnir eru í boði
G. Run og fræðslu- og
menningarmálanefndar.



LAUGARDAGUR

31

Heimsmeistaramótið í Ruslakarli

Mótið fer fram á Netaverkstæði G.Run. og verður keppt í tveimur flokkum. 18 ára og yngri hefja leik klukkan 13:00, öldungadeildin byrjar klukkan 15:00. Búist er við gríðarspennandi keppni og mikilli þátttöku, en á síðasta heimsmeistaramóti kepptu rúmlega 40 manns.

CASABLANCA

Ein frægasta mynd kvikmyndasögunnar. Hún er gerð árið 1942. Humphrey Bogart og Ingrid Bergman fara með aðalhlutverk. Sumir segja "fyrsta stórmyndin" Tilnefnd til 8 Óskarsverðlauna og hreppi 3. Einkunnagjöf imdb.com: 8,8.

